

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1990

Nr. 8

10

11. janúar 1990

AUGLÝSING

**um leiðréttingu á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku
nr. 627, 27. desember 1989.**

Liður 7 í kafla um skilgreiningar og ýmis ákvæði falli niður.

Síðasta málsgrein gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða er hér með staðfest samkv. orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. maí 1976, til að öðlast gildi 1. janúar 1990 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 166, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 11. janúar 1990.

F. h. r.

Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

Nr. 9

8. janúar 1990

AUGLÝSING

um breytingar á staðfestu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1980–2000.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. janúar 1990 staðfest skipulagsuppdrátt sem gerir ráð fyrir sex breytingum á gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Íbúðasvæði á Hvaleyrarholti verður á skipulagstímabilinu.
2. Opið svæði á Háholti verður íbúðasvæði.
3. Iðnaður vestan Hvaleyrarbrautar fellur niður.
4. Skóli flyst vestur fyrir Suðurbraut.
5. Golfvöllur stækkar til suðurs.
6. Iðnaðarsvæði til síðari nota minnkar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðuneytisins með ofangreindum fyrirvara.

Félagsmálaráðuneytið, 8. janúar 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.